Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2. tbl. 11. árg. 2014

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir

3 Öflugur Neisti áfram!

4 Gott málefni þarfnast fjármagns

5 Jólakort Neistans 2014

6 570 þúsunda sjötugsafmæli

8 Hjartafólk á Internetinu

10 Norðurlandaþingið 2014

12 Norrænu sumarbúðirnar 2014

16 Unglingarnir spenna bogann

17 Norrænu sumarbúðirnar 2015 Turen går til Danmark

18 Met í Reykjavíkurmaraþoni

20 Ása tekur á móti hjartabörnum í Lundi

22 Glens og gaman í Guðmundarlundi

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinnpalsson@gmail.com
• Ábyrgðarmaður: Fríða Björk Arnardóttir.
• Forsíðumynd: Íris Sigurðardóttir.
• Umbrot: hskj.
• Prentun: Prentsmiðjan Viðey.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is
• Fræðsluvefur Neistans: hjartagattin.neistinn.is

Fréttir

Jólaballið

Hið vinsæla jólaball Neistans verður að þessu sinni haldið sunnudaginn 30. nóvember, frá kl. 14 - 16. Fastir liðir verða að sjálfsögðu eins og venjulega: jólatré, hljómsveit, hressing, nammipoki (ef jólasveinninn klikkar ekki).

Fjáröflun í samstarfi við Stauk ber kostnað þessa blaðs.

STAUKUR
SJÁLFSALAR OG LEIKTÆKI

Öflugur Neisti áfram!

Í maí 2008 fór ég ásamt Gunnari manninum mínum í 20 vikna sónarinn. Mikil tilhlökkun var hjá okkur og engar áhyggjur voru þar sem að 12 vikna sónarinn hafði komið vel út og fyrir áttum við heilbrigðan dreng. Tilhlökkunin varð fljótt að ótta þar sem það kom í ljós að litla daman okkar var með flókinn og alvarlegan hjartagalla.

Ég leitaði strax til Neistans og fékk mikinn stuðning frá félaginu. Næstu tvö árin tók ég þátt í öllum þeim viðburðum sem Neistinn stóð fyrir. Árið 2010 langaði mig að gera meira og gefa til baka og bauð mig fram í stjórn Neistans. Í tvö ár var ég meðstjórnandi og síðar varaformaður. Á aðalfundinum í ár var mér sýnt það mikla traust að vera kosin formaður Neistans. Markmið stjórnar hefur verið að efla, opna og lyfta upp starfi Neistans. Það hefur tekist vel og mun ég leggja mitt af mörkum við að halda Neistanum á þeirri góðu braut sem hann er á.

Guðrún Bergmann Franzdóttir fráfarandi formaður og Guðný Sigurðardóttir gjaldkeri véku úr stjórn og þökkum við þeim hjartanlega fyrir óeigingjarnt starf fyrir Neistann síðustu ár.

Mikið og skemmtilegt starf hefur verið hjá okkur síðustu mánuði. Evrópsku hjartasamtökin ECHDO voru með sinn árlega fund sem að þessu sinni var haldinn í Helsinki. Í fyrsta sinn erum við með fulltrúa Íslands í stjórn ECHDO. Andri Júlíusson sem hefur starfað í stjórn Neistans en er búsettur i Brussel ásamt fjölskyldu sinni var kosinn í stjórn. Óskum við honum hjartanlega til hamingju og erum við stolt af fulltrúa okkar.

Norrænu sumarbúðirnar, Nordic Touth Camp voru í ár haldnar á Íslandi. Hjartveikir unglingar frá öllum Norðurlöndunum voru hér samankomnir. Allt gekk vonum framar og stóðu íslensku fararstjórarnir sig einstaklega vel. Við þökkum Guðrúnu Bergmann og Jóa kærlega fyrir skipulagið á sumarbúðunum og allt utanumhaldið.

Sumarhátíðin okkar heppnaðist sérstaklega vel. Lína Langsokkur kíkti í heimsókn, sprell.is kom með hoppukastala og emmessís gaf okkur ís. Spilakvöldi foreldra er nýlokið og við erum glöð yfir því að það er orðið að föstum liði í okkar góðu dagskrá. Þetta er vettvangur fyrir foreldra að kynnast hver öðrum og eiga góða kvöldstund saman.

Við viljum minna á jólaballið okkar sem verður núna 30. nóvember og vonandi sjáum við ykkur öll þar.

Fyrir hönd Neistans vil ég þakka öllum velunnurum fyrir góðan stuðning sem gerir okkur kleift að halda okkar góða starfi áfram.

Fríða Björk Arnardóttir

Stjórn Neistans 2014.
Efri röð: Karl Roth varaformaður, Árni Finnsson meðstjórnandi, Olga María Hermannsdóttir gjaldkeri.
Neðri röð: Ellý Ósk Erlingsdóttir meðstjórnandi, Fríða Björk Arnardóttir formaður.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Dagatal Neistans er nú fáanlegt. Er það sjötta árið í röð sem það kemur út, enda orðið að föstum lið á fjölmörgum heimilum. Eins og áður eru allar myndirnar á dagatalinu af hjartabörnum á aldrinum 0 - 19 ára. Þær er að þessu sinni teknar af ljósmyndaranum Írisi Sigurðardóttur, sem gefur alla vinnu sína til málstaðar okkar og fær einlægar hjartans þakkir fyrir.

Dagatalið er hægt að kaupa á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 552 5744 eða 8991823. Einnig er hægt að panta það á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

Verðið er aðeins 2000 krónur.

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309 .

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744 eða á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

BÓNUS

RG lagnir ehf.
Furubyggð 6 • Mosfellsbæ

Jólakort Neistans 2014

Jólakortin skarta myndum eftir hjartabarn og hjartasystkini, *Galdur engilsins* og *Hlýju jólanna*.

Jólakortasala er ein af megin fjáröflunarleiðum Neistans og rennur allur ágóði beint í Styrktarsjóð félagsins sem styrkir fjölskyldur sem þurfa að fara með börn sín í hjartaaðgerðir.

Kortin eru seld til fyrirtækja í stykkjatali á 150 kr./stk. Einnig er hægt að fá 10 stk. saman í pakka á 1.500 kr./pk. með texta.

Hægt er að panta kortin hjá Neistanum í síma 899 1823 og með tölvupósti hjá neistinn@neistinn.is

SAM
SAMTÖK AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURIÐNAÐI

Domino's

KOLA PORTIÐ

570 þúsunda sjötugsafmæli

Páll Helgason kórstjóri með meiru átti 70 ára afmæli á dögunum. Því var fagnað með stórtónleikum í Langholtskirkju, þar sem meðal annarra komu fram fimm kórar sem Páll hefur stofnað og stjórnað á farsælli tónlistaræví: Álafosskórinn, Mosfellskórinn, Karlakór Kjalnesinga, Kór Landsvirkjunar og Vorboðinn, kór eldri borgara í Mosfellsbæ. Ýmsir gestasöngvarar tóku líka lagið og spönnuðu tónleikarnir heila kvöldstund með góðu hléi, þar sem boðið var upp á glæsilegar veitingar í safnaðarheimili kirkjunnar.

Páll er afi Katrínar, 8 ára hjartastelpu með downsheilkenni sem fór í aðgerð í Boston á sínum tíma, og þess vegna var ákveðið að biðja afmælisgesti um að sleppa afmælisgjöfum en þeir hvattir í staðinn til að láta frjáls fjárframlög renna til Neistans. „Það var Anita, dóttir mín og mamma Katrínar sem átti þessa hugmynd," sagði Páll í samtali við Neistann. „Þetta var óskaplega skemmtilegt kvöld, með frábærum tónleikum og sneisafullri kirkju. Ekki spillti heldur fyrir hve miklir peningar söfnuðust í baukinn, en í stað þess að hafa ákveðinn aðgangseyri var fólki frjálst að ákveða hversu mikið það vildi láta af hendi rakna."

Alls söfnuðust í baukinn um 570 þúsund krónur og Neistinn sendir hjartans þakkir til Páls, Anitu og Katrínar og allra þeirra góðu gesta á stórafmælinu.

samskip

PIZZA ROYAL

Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
101 Hótel ehf
2001 ehf
A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
AB varahlutir ehf
Aðalmálun ehf
Aðalvík ehf
Analytica ehf
ARGOS ehf-
Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkís arkitektar ehf
Aros ehf
Athygli ehf
Auglýsingastofan
ENNEMM
ÁH lögmenn slf
Áltak ehf
ÁM-ferðir ehf
Árbæjarapótek ehf
Árni Reynisson ehf
Ársól snyrtistofa
B M Vallá ehf
B.Árnason,
byggingaþjónusta ehf
BabySam
Balletskóli Sigríðar
Ármann ehf
BBA/Legal ehf
Ber ehf, vínheildsala
Betri stofan ehf
Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs ehf,
s: 577 4477
Bifreiðaverkstæði
Svans ehf
Bílahlutir ehf
Bílahöllin hf
Bílalind ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílaverkstæði
Jóns T Harðarsonar
Bílaviðgerðir Snurfus
Björgun ehf
Blaðamannafélag
Íslands
Blikksmiðjan
Glófaxi hf
Blómagallerí ehf
Bonafide
lögmenn ráðgjöf sf
Bootcamp ehf
Boozt bar
Boreal, ferðaþjónusta
Borgarbílastöðin ehf
Borgarpylsur
Bókaútgáfan
Örn og Örlygur ehf
Bólstrun Ásgríms ehf
Bólsturverk sf
Brauðhúsið ehf
Brúskur, hársnyrtistofa
s: 587 7900
BSRB
Búálfurinn
Búr ehf
Byggingafélagið
Þumall ehf
Byggingarfélag
Gylfa og Gunnars ehf
Cafe Roma
Central ehf,
tannsmíðastofa
City Car Rental
Curvy, tískuverslun
D&C ehf
Dale Carnegie,
þjálfun næsta kunslóð
Danfoss hf
Danica
sjávarafurðir ehf
Deluxe snyrting ehf
Dental stál ehf
Dillon Whiskey Bar
Diplo ehf
Dómkirkjan í Reykjavík
Drífa efnalaug
og þvottahús
Durum
restaurant & take
away
Dýragarðurinn ehf
E.T. hf
Efling stéttarfélag
Efnamóttakan hf
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Einingar
-verksmiðjan ehf
Eirvík-heimilistæki ehf
EON arkitektar
Ergo
fjármögnunarþjónusta
Íslandsbanka
Erla, hannyrðaverslun
Esju-Einingar ehf
Essemm, auglýsingar
& markaðsráðgjöf
Faris ehf
Fasteignakaup ehf
Fasteignasalan
Fasteign.is ehf
Fasteignasalan
Garður ehf
Fást ehf
Felgur smiðja ehf
Ferðaþjónustan
Ísafold ehf
Ferill ehf,
verkfræðistofa
Fljótavík ehf
Formverk
Fótógrafí ehf
Frami, félag
leigubifreiðastjóra
Framvegis-
miðstöð símenntunar
Fríkirkjan í Reykjavík
Frysti- og
kæliþjónustan ehf
Fröken Júlía ehf
FS Flutningar ehf
Fylgifiskar ehf
Gallabuxnabúðin
Kringlunni
Gallerí Fold
Garðmenn ehf
Garðs Apótek ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gjögur hf
Gjörvi ehf
GK Reykjavík
Gleraugnasalan 65 slf
Gnýr sf
Gray Line Iceland
Guðbjörg
Hákonardóttir
Guðmundur Arason
ehf, smíðajárn
Guðmundur pípari ehf
Gull og silfur ehf
Gullkúnst Helgu
skartgripaverslun
Gullsmiður
Eyjólfur Kúld
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullöldin ehf
Gummi Valgeirs ehf
Gunnar Eggertsson hf
Gúmmísteypa
Þ. Lárusson ehf
Hagbót ehf
Hagi ehf-Hilti
Hamborgarabúlla
Tómasar
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan
Höfuðlausnir
Herrafataverslun
Birgis ehf
Hilmar D.
Ólafsson ehf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá Ingvarsson ehf
Hljóðbók -
hljóðvinnslan
Hnefaleikastöðin ehf
Hollt og gott ehf
Hókus Pókus ehf
Hópferðabílar
Snælands
Grímssonar ehf
Hópferðarþjónusta
Reykjavík ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Örkin,
sjómannaheimili
Hreyfill
Hreysti ehf
Húsalagnir ehf
Hvíta húsið hf,
auglýsingastofa
Hype ehf
Höfðabílar ehf
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
Icelandic Group hf
Innnes ehf
Isavia
iStore í Kringlunni
Ímynd ehf
Ísfrost ehf
Íslensk
endurskoðun ehf
Ísloft blikk-
og stálsmiðja ehf
JE Skjanni ehf,
byggingaverktakar
Jónar Transport hf
JP Lögmenn ehf
K. H. G.
Þjónustan ehf
Kaffi Mílanó ehf
Kaffihúsið Víkin-
Sjóminjasafninu
Keldan.is
Kirkjugarðar
Reykjavíkur-
prófastsdæma
Kjörgarður
Kjöthöllin ehf
KOM almannatengsl
Kr. St.
lögmannsstofa ehf
Kristján G.
Gíslason ehf
Krumma ehf
Krydd og Kaviar ehf
Kvika ehf
Kvikk Þjónustan ehf
Kælitækni ehf.
Lagnalagerinn ehf
Landsbréf hf
Landssamband
lögreglumanna
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf
stjórnunar-og
rekstrarráðgjöf
Leiguval ehf
Leturval
Lifandi vísindi
Lindsay A H ehf
Listvinahúsið,
leirkerasmíði
Lífland
Ljósin í bænum
Ljúfmetisverslunin
Búrið
Loftstokkahreinsun.is,
s: 567 0882
LOG
lögmannsstofa sf
Lyfjaver ehf
Lögafl -
lögmannsstofa
Lögfræðiþjónusta
Sigurðar
Sigurjónssonar ehf
Lögmannafélag
Íslands
Lögmannsstofa
Jóns G Briem hrl
Lögmál ehf
Lögmenn Bankastræti
Lögmenn
Höfðabakka ehf
Lögmenn
Laugavegi 3 ehf
Lögsýn ehf

66° NORÐUR

Alþýðusamband Íslands

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Hjartafólk á Internetinu

Eftir Karl Roth

Í umfjöllun okkar um Hjartagáttina (***hjartagattin.neistinn.is***) fyrir skemmstu héldum við því fram að hjartafólk þyrfti ekki að leita annað til að fá stuðning eða svala forvitni varðandi hjartagalla. Þetta er ekki alls kostar rétt, því þar er bent á gagnlega hlekki á aðra vefi. www.corience.org er einn þeirra og ef til vill sá allra mikilvægasti.

Þá má ekki gleyma **Fésbókinni**, sem við höfum áður fjallað um en mig langar til að minna á **Unglingahóp Neistans** sem er með sérstaka síðu þar. Ég hvet alla hjarta-unglinga til að skrá sig á síðuna og fylgjast með hvað er að gerast hjá unglingagenginu.

Svo má einnig minna á að systursamtök okkar á **Norðurlöndum** reka allar mjög áhugaverða vefi.

www.corience.org
- evrópski fræðsluvefurinn

Corience er gríðarlega fróðlegur vefur um meðfædda hjartagalla. Þarna er heilmikið af áhugaverðum og gagnlegum upplýsingum fyrir okkur hjartafólk og aðstandendur, lækna og vísindamenn. Textinn er á læsilegri ensku (einnig spænsku og þýsku) og ætti ekki að vefjast fyrir Íslendingum að klóra sig fram úr honum.

Umfjöllunarefnin eru af öllum toga, allt frá nákvæmum lýsingum einstakra hjartagalla og áhyggjum af örinu á bringunni að kynlífi hjartveikra. Þarna eru reynslusögur og greinar fræðimanna,



Virðing Réttlæti
VR
Gamla Smiðjan
SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM



skýringar á meðhöndlun einstakra galla og kommentakerfi fyrir umræður, svo eitthvað sé nefnt.

Einstaka undirvefir eru lítt mótaðir og jafnvel úreltir en meginsíðurnar eru ákaflega athyglisverðar og hvet ég hjartafólk eindregið til að heimsækja Corience.

Corience skiptist í nokkra undirvefi og eru þrír þeirra sérlega áhugaverðir fyrir okkur. Þeir eru:

About heart defects. Hér er almenn umfjöllun um hjartagalla á forsíðu. Þarna eru síðan mjög athyglisverðar undirsíður með ítarefni.

- **Types of heart defects** hefur að geyma lista yfir helstu hjartagalla, þar er ítarlega rætt um einkenni, greiningu, meðferð og verkan á barnið.
- **Syndromes** fjallar um helstu heilkenni þar sem hjartagallar koma við sögu.
- **Glossary** er heilmikið *orðasafn* með skýringum á öllum helstu hugtökum sem tengjast hjartamálum.

Living with a heart defect. Hér er vefnum skipt upp í þrjár undirsíður fyrir *fullorðið hjartafólk, hjarta-unglinga og hjartabörn/foreldra.*

- **I'm a teen …** sem fjallar um málefni hjarta-unglinga (íþróttir, húðflúr, áhyggjur af bringu-örinu, fjölskyldulífið o.fl.)
- **Im an adult…** fyrir *fullorðið hjartafólk*. Þar er rætt um félagslegar og heilsufarslegar aðstæður hjartafólks, meðgöngu, lyf, mataræði, starfsframa og lífsgæði svo eitthvað sé nefnt.
- **I have a heart child…** fyrir foreldra (og væntanlega foreldra) hjartabarna. Þarna er fjallað um áhyggjur foreldra, uppeldi, unglinga. Þá eru áhrif á systkini og hjónabönd tekin fyrir, skólamál og ferðalög. Þarna er margt fleira markvert sem við ættum öll að lesa.

Diagnosis and treatment. Þessi hluti fjallar ítarlega um greiningu einstakra hjartagalla og meðferð við þeim (jafnvel á fósturstigi). Hér er farið mjög ítarlega í öll smáatriði og er hann á köflum ákaflega tæknilegur og djúpur. En þarna er heilmikill fróðleikur, sérstaklega fyrir þá sem glíma við einhvern af hinum þekktari göllum.

Norrænu systursamtökin

Það getur verið fróðlegt að sjá hvað frændur vorir á Norðurlöndum eru að bralla. Vefsíður þeirra eru býsna efnisríkar og spennandi:

Danmörk: **Hjerteforeningens Børneklub**
http://www.hjertebarn.dk
Finnland: **Sydänlapset ja -aikuiset**
http://www.sydanlapsetja-aikuiset.fi
Noregur: **Foreningen for hjertesyke barn**
www.ffhb.no
Svíþjóð: **Hjärtebarnsförbundet**
http://www.hjartebarn.org

NÝHERJI
Gá Stofnað 1968
HS ORKA HF

Norðurlandaþingið 2014

Eftir Karl Roth

Hinn árlegi fundur samtaka hjartabarna á Norðurlöndum var haldinn 3. – 4. október síðastliðinn í Þrándheimi í Noregi. Tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sóttu fundinn en fjórir frá gestgjöfunum, Norðmönnum. Fyrir Íslands hönd sátu fundinn Karl Roth varaformaður Neistans og Guðrún Bergmann Franzdóttir, leiðtogi unglingahóps félagsins en hún og maður hennar, Jóhannes Geir Rúnarsson skipulögðu sumarbúðir norrænu hjartaunglinganna í ár.

Norsku hjartabarnasamtökin, FFHB

Fundurinn hófst á ítarlegri kynningu á norsku samtökunum og kom þar margt áhugavert fram sem við getum af Norðmönnum lært. Þó fer ekki milli mála að fjárhagslega standa þeir miklu styrkari fótum en við, enda starfa 8 manns á skrifstofu FFHB (Foreningen for hjertesyke barn) í 5-6 stöðugildum.

FFHB starfar náið með rannsóknarteymum ýmsum sem rannsaka hjartagalla. Félagið er með átak í að virkja unglinga 12 – 18 ára með það fyrir augum að styrkja framtíðarstarf fullorðins hjartafólks. Fullorðnu hjartafólki (GUCH – Grown Ups with Congenital Heart defects) fjölgar ört vegna framfara við lækningu hjartabarna. Í Noregi hafa þau sín eigin samtök, VHM (Voksne med medfødt hjertefejl) sem starfa náið með barnasamtökunum.

FFHB hefur lagt í átak til að fjölga „hollvinum“ félagsins. Þannig hefur þeim fjölgað á tveimur árum úr 1.500 í 3.500 talsins. Hver hollvinur greiðir til félagsins um 3.000 ISK á mánuði, svo þarna er um talsverðan fjárhagslegan styrk að ræða.

Þá leggur félagið aukna áherslu á samstarf við spítala, skóla, leikskóla og stjórnvöld með það fyrir augum að auka þekkingu almennings á hjartagöllum og sérstaklega þeirra sem vinna með börnum. Nokkur umræða spannst um erfiðleika sem hjartabörn virðast glíma við í skóla, beint eða óbeint vegna hjartagallans.

Skimun með mettunarmælingu

Kjersti Jystad Postmyr, norskur læknanemi sem sjálf er hjartabarn, flutti áhugaverðan fyrirlestur um rannsókn sem hún hefur unnið að um greiningu hjartagalla hjá ungabörnum.

Tiltölulega lágt hlutfall hjartagalla greinist í 18

Oliner SYSTEM
HB GRANDI
inter Medica.

vikna sónar (í Noregi er venjulegast farið einu sinni í sónar á meðgöngu og þá við 18. viku). Einnig er töluverður fjöldi tilvika sem ekki greinist í nýburum með hlustun og blámamati. Þá heyrast ósjaldan hjartaóhljóð í heilbrigðum börnum.

Að mati Kjersti væri hægt að hækka verulega hlutfall þeirra sem greinast rétt með því að mæla súrefnismettun dagsgamalla barna og þar með bæta meðalárangur af meðferð við hjartagöllum. Aðferðin uppfyllir helstu kröfur um skimun, þ.e. að hún er ódýr, einföld í framkvæmd, gefur tölulegar niðurstöður og er sjaldan false-positive.

Norrænu sumarbúðirnar á Íslandi

Guðrún Bergmann Franzdóttir gaf skýrslu um unglingasumarbúðir ársins, en þær fóru að þessu sinni fram á Íslandi, nánar tiltekið á gistiheimilinu Hjarðarbóli, rétt utan við Hveragerði, dagana 20. - 27. júlí. Hún og maður hennar voru fararstjórar íslenska hópsins auk þess sem þau báru hitann og þungann af öllum undirbúningi.

Guðrún kynnti reikninga og fjárhagslega útkomu þeirra og sýndi fjölda mynda og sagði frá gangi mála. Auk þess kynnti hún niðurstöður úr mati þátttakenda. Var altalað að dagskráin í ár hefði verið sérstaklega mikil og fjölbreytt og vel að öllu staðið.

Þá fengum við kynningu á sumarbúðum næsta árs en þær verða haldnar í Danmörku nærri Billund á Jótlandi. Allar aðstæður þar bjóða greinilega upp á góðar búðir enn og aftur.

Næsti fundur – á Íslandi

Næsta ár verður röðin komin að okkur Íslendingum að halda norræna fundinn. Menn voru sammála um að lengja hann nokkuð, enda næg málefnin. Áhugi kom fram hjá fundargestum að skipulögð yrði skoðunarferð, t.d. um Gullna hringinn með hópinn.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Löndun ehf
Magnús og Steingrímur ehf
Margt smátt ehf
Martec ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Millimetri sf
Möggurnar í Mjódd ehf
Nasdaq Iceland
Nathan & Olsen ehf
Nonnabiti
Norðlenska matborðið ehf
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf
Nýja bílahöllin ehf
Orka ehf
Orkuvirki ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
ÓK Lögmenn slf
Ósal ehf
Papyrus innrömmun
Parlogis hf
- Lyfjadreifing ehf
Passion Reykjavík
Pálmar ehf
Pétur Stefánsson ehf
PG Þjónustan ehf
Pixel ehf
Pixlar ehf
Pjakkur ehf
Prikið ehf
Prófilm, kvikmyndagerð
Pökkun og flutningar ehf
Rafás ehf, rafverktakar
Rafneisti ehf
Rafstilling ehf
Rafsvið sf
Raftækjaþjónustan sf
Rafviðgerðir ehf
Rannsóknarstofan Glæsibæ
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði s: 525 5130
Ráðgjafar ehf
Renniverkstæði Ægis ehf
Reykjavíkurborg
Réttingaverk ehf
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf
Rossopomodoro, veitingastaður
S.B.S. innréttingar
Safalinn ehf
Samiðn, samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Scandinavian Hearing ehf
Securitas hf
Segna ehf
Shalimar, veitingahús
Sigurður Rúnar Sæmundsson, tannlæknir
Sjávargrillið ehf
Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkraþjálfun
Styrkur ehf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
Skóarinn í Kringlunni ehf
Skólavefurinn.is
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaþing ehf
Smith og Norland hf
Smíðaþjónustan ehf
Smur- og viðgerðarþjónustan ehf
Snerruútgáfan ehf
Sónn ehf
Sportbarinn
Spör ehf, auglýsingastofa
Staki automation ehf
Stansverk ehf
Stál og stansar ehf
Stálbyggingar ehf
Stéttarfélag verkfræðinga
Stjörnuegg hf
Stólpi ehf-alhliða viðgerðaþjónusta
Stólpi gámar ehf, Gámaleiga- og sala
Suzuki bílar hf
Svanur Ingimundarson málari
Svarta Kaffið kaffihús
Sýningakerfi hf
Sægreifinn
Söngskólinn í Reykjavík
Talnakönnun hf
Tannlæknar Mjódd ehf
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Gísla Vilhjálmssonar
Tannlæknastofa Sigurðar Rósarssonar
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur ehf
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannréttingar sf
Tannsinn ehf
TBG ehf
Teiknistofan Arkitektar
THG Arkitektar ehf
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði
Timberland Kringlunni og Timberland Laugavegi
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar
Tæknivélar ehf
Tölvar ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf

Krua Thai
Tryggvagötu 14 - S: 5610039
olís
KPMG

Norrænu suma

Norrænu sumarbúðirnar voru í ár haldnar hér á Íslandi vikuna 20. – 27. júlí.

Hjónin Guðrún Bergmann Franzdóttir, fyrrum formaður Neistans, og Jóhannes Geir Rúnarsson hafa verið lengi fararstjórar íslensku unglinganna, hún í átta ár, hann í sjö, en níu ár eru síðan fyrstu Íslendingarnir tóku þátt í sumarbúðunum.

„Þá þurfti að leita að þátttakendum," segir Guðrún þegar Neistinn hitti þau hjónin til að forvitnast um sumarbúðirnar. „Við fundum tvo stráka, sem fóru til Finnlands og með þeim fór bróðir hjartabarns. Ári síðar fundum við tvær stelpur, og þá var ég ein fararstjóri þeirra. Frá hverju hina Norðurlandanna hafa alltaf komið tíu krakkar og tveir fararstjórar, og reynt að hafa þá af báðum kynjum. Ári seinna fengu við svo slatta af umsóknum, þurftum ekki að leita að þátttakendum, og þá fórum við Jói saman út með sjö krökkum."

Tengist þetta því að þið hafið bæði haldið lengi utan um unglingastarf Neistans?

Jói: „Já, það gerir það. Við höfum reynt að gera eitthvað skemmtilegt einu sinni til tvisvar á ári með unglingunum."

Þetta er í annað sinn sem búðirnar eru haldnar á Íslandi. Í fyrsta skiptið árið 2009 þótti takast alveg einstaklega vel til um alla framkvæmdina …

„Og enn betur í annað skiptið," segir Guðrún og hlær.

„Já, fyrsta skiptið var eiginlega toppað í sumar," segir Jói, „þótt við héldum að það yrði aldrei hægt."

Guðrún: „Í fyrsta skiptið héldum við búðirnar á Laugarvatni. Renndum dáldið blint í sjóinn, enda aðeins tekið þrisvar þátt í þessum búðum áður. Við reyndum bara okkar besta og það heppnaðist sem sagt svona rosalega vel. Allir voru mjög ánægðir með þetta."

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

rbúðirnar 2014

Jói: „Ég tel að við höfum náð að skipuleggja okkur betur núna. Við þekkjum orðið svo vel hvernig búðirnar eru byggðar upp, hvað langan tíma krakkarnir þurfa til að kynnast, hvað þeir þurfa mikinn frítíma og svo hvenær þarf að hafa skipulagt prógramm fyrir þá. Við þurfum að hafa sett dagskrána saman með góðum fyrirvara og sent hana út til þátttakendanna. Allt þarf að liggja fyrir frá því flugvélin lendir í Keflavík og uns hún fer aftur í loftið viku síðar."

Guðrún: „Við vorum núna með bækistöðvarnar að Hjarðarbóli, sem er rétt utan við Hveragerði. Þar er gistiheimili og stórt svæði í kring til alls kyns útileikja."

Jói: „Samt vorum við meira út af fyrir okkur og þetta var viss sveitarbæjarstemmning. En krökkunum fannst það bara mjög skemmtilegt."

Hve mörg voruð þið þarna allt í allt?

Guðrún: „Það má alveg koma fram að það hefur sjaldan verið meiri áhugi í hinum löndunum á Norrænu sumarbúðunum.

Í sumum þeirra jafnvel aldrei borist jafn margar umsóknir um að komast með. En sem fyrr þá takmarkast hópurinn við tíu krakka frá hverju landi, eða fimmtíu alls og sextíu með fararstjórunum. Einnig var hjúkrunarfræðingur með okkur frá Landspítalanum.

Er alveg nauðsynlegt að hafa hjúkrunarfræðing með til öryggis?

Guðrún: „Já, og hún er í rauninni á vakt allan sólarhringinn alla dagana. Barnahjartalæknarnir eru einnig látnir vita af hópnum ef eitthvað kemur upp á."

Og kemur eitthvað upp á?

Jói: „Jájá, það gerist alltaf eitthvað. Það eru spítalaferðir og sjúkrabílar – en reyndar ekkert svo alvarlegt núna hjá okkur."

Guðrún: „Einn krakkinn fékk ekki töskuna sína og lyfin voru í henni, svo það þurfti hjartalækni til að skrifa út lyfseðil til að redda þeim."

Jói: „En það voru engin óyfirstíganleg vandamál."

Hvað með tungumálin?

Guðrún: „Tungumálið, bæði á Norðurlangaþingum okkar og í sumarbúðnum, er *bad english*. Það redda sér allir einhvern veginn og vinir eru duglegir að hjálpast að. Þetta hefur aldrei verið nein hindrun í samskiptum krakkanna. Þau eru á aldrinum 14 – 18 ára og á þeim árum verður svo mikil breyting í þroska þeirra, líkamlega og andlega. En í búðunum er samt allir jafnir og allir vinir. Ef einhver er feiminn og situr afsíðis fara alltaf einhverjir til hans, þótt þeir séu frá öðru landi, og fá hann til að vera með í hópnum."

Er einhver rómantík í búðunum á milli krakkanna?

Jói: „Já, það er alltaf eitthvað slíkt í gangi. Það verða til pör …"

Guðrún: „Ég man eftir að í fyrstu búðunum urðu til pör sem héldu saman í nokkur ár, sko. Já, það er rómantík í loftinu og gaman að fylgjast með þessu. Við fararstjórarnir erum stöðugt á vaktinni, en skiptum reyndar dögunum á milli okkar."

Hverjir voru hápunktarnir í ár?

Guðrún: „Það voru hápunktar á hverjum degi, en ég held þó að það sem flestum fannst standa upp úr eftir vikuna var riverrafting-ferðin í Hvítá – og gerði það reyndar líka 2009. Það var algjört æði."

Jói: „Mér fannst ekkert eitt standa upp úr, heldur var þetta mjög skemmtilegt í heildina. Ég sé það meira þannig, riverrafting-ferðin fannst mér þannig ekki meiri hápunktur en margt annað. Ferðin í Bláa lónið var til dæmis ekki síðri og krakkarnir hafa yfirleitt mjög gaman af því að fara í sund."

Hvernig léku veðurguðirnir við ykkur?

Guðrún: „Eins og við vitum var sumarið á suðvesturhorni landsins ansi blautt. Við fengum hins vegar aðeins einn heilan rigningardag í ferðinni, þá gengum við um Hengilssvæðið í þoku og súld. Okkur fannst við líka vera í góðum samböndum hjá veðurguðunum, því oftast þegar við vorum úti að leika skein sólin en svo byrjaði að rigna um leið og við fórum inn í hús."

Hver er svo helsti ávinningurinn af Norrænu sumarbúðunum að ykkar mati?

Guðrún: „Það er tvímælalaust sú félagslega upplifun sem krakkarnir fá. Margir þeirra eiga kannski ekki marga vini heima hjá sér, en eru þarna allt í einu í fimmtíu manna vinahópi. Við þekkjum ótal sögur af krökkum sem hafa komið út úr feimnisskel sinni og farið að blómstra í kjölfar veru sinnar í búðunum. Þótt þær standi bara yfir í viku, þá nægir það til að breyta lífi sumra krakka til lengri tíma. Þeir verða félagslega virkari og jákvæðari gagnvart tilverunni. Ef við tökum okkar hóp sem dæmi, þá eru þetta tíu krakkar sem hafa kannski hist einu sinni til tvisvar á hittingi í Neistanum. Svo fara þau í vikuferð til útlanda, þar sem þau eru saman meira og minna allan sólarhringinn og ná á þeim tíma að mynda sterk og jákvæð tengsl.“

Jói: „Þau halda áfram að vera í sambandi eftir að þau koma heim og hittast sjálf án okkar tilverknaðar. Svo eru þau líka í sambandi við alla hina krakkana úti í gegnum facebook.“

Fá sömu krakkarnir að koma aftur í búðirnar seinna?

Guðrún: „Já, svo framarlega sem þau eru innan aldursrammans og umsækjendur séu ekki of margir. Þeir tíu krakkar sem hafa ekki sótt um áður ganga fyrir þeim sem hafa farið áður, en oft eru það ekki svo margir og þá fá aðrir aftur tækifæri til að koma með.“

Hvernig verður svo framhaldið hvað ykkur snertir?

Guðrún: „Stjórnin er búin að biðja okkur um að taka líka næsta ár sem fararstjórar og við höfum jánkað því. Svo eigum við sjálf hjartastelpu sem bíður eftir að komast í sumarbúðirnar, hún er tólf ára svo hún ætti að komast 2016. Henni finnst ekki í lagi að loksins þegar hún nær tilsettum aldri yrðum við ekki með í för, svo það er pressa á okkur að taka það ár líka. Við verðum bara að sjá til með þetta og einnig með unglingastarf Neistans. Þetta starf með krökkunum er svo gefandi að við munum líklega halda áfram í einhver ár til viðbótar.“

Unglingarnir spenna bogann

Nú á dögunum var Neistinn með unglingahitting og var þeim þessu sinni boðið að prufa bogfimi í Bogfimisetrinu. Alls mættu 13 krakkar og reyndu eftir bestu getu að bæta eigin met. Svo var reynt að hitta i blöðrur sem gekk mis vel. Eftir fjörið gæddu þeir sér á pizzum. Í hópnum eru hjartveikir unglingar, 13 ára og eldri og umsjónarmenn eru Guðrún Bergmann og Jóhannes Geir Rúnarsson.



LYFJA
- Lifið heil

KFC

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Norrænu sumarbúðirnar 2015

Turen går til Danmark

Sumarbúðir norrænna hjartveikra unglinga, 14 - 18 ára (fædd 1997 -2001), verða næst haldnar í Danmörku dagana 17. - 24. júlí 2015. Bækistöðvarnar verða í Kongenshus efterskole, sem er á miðju Jótlandi. Flogið verður beint til Billund og þaðan er rúmlega klukkutíma akstur á staðinn.

Þátttakan miðast við 10 unglinga í senn frá hverju landi, svo þeim sem hafa áhuga er bent á að hafa sem fyrst samband við Guðrúnu Bergmann á skrifstofu félagsins í síma 552 5744 eða senda tölvupóst á neistinn@neistinn.is.



.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Ullarkistan ehf
Útfararstofa Íslands ehf
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Úti og inni sf
VA arkitektar ehf
Vagnasmiðjan ehf
Valhöll fasteignasala ehf
Varma & Vélaverk ehf
Varmi ehf
VDO verslun ehf
Vefnaðarvöruverslunin Virka ehf
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingahúsið Caruso
Veitingahúsið Lauga-Ás
Veitingahúsið Perlan ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf
Verksýn ehf
Versa ehf
Verslunartækni ehf
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Rangá
Vélsmiðjan Harka hf
Vélvík ehf
Vilberg kranaleiga ehf
Vinnumálastofnun
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
VSÓ Ráðgjöf ehf
www.satis.is
Yrki arkitektar ehf
Z - brautir og gluggatjöld ehf
Þaktak ehf
ÞÓB vélaleiga ehf
Ögurvík hf
Ölstofa Kormáks og Skjaldar ehf

Seltjarnarnes
Aðalbjörg RE-5 ehf
Nýjaland ehf
Seltjarnarneskirkja
Sjávarsýn ehf
Vekurð ehf
Vökvatæki ehf

Vogar
Hársnyrtistofa Hrannar
Kvenfélagið Fjóla

Kópavogur
ALARK arkitektar ehf
AMG Aukaraf ehf
Automatic ehf, heildverslun
Axis-húsgögn ehf
Ásborg slf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bílaklæðningar hf
Bílalakk ehf
Bílamálunin Varmi ehf
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bliki bílamálun og réttingar ehf
Blikkform ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Borgargarðar ehf - skrúðgarðaþjónusta
Bókun sf endurskoðun
Brotafl ehf
BSA varahlutir ehf
Byggðaþjónustan bókhald og ráðgjöf
Conís ehf, verkfræðiráðgjöf
Dekkverk ehf
Deloitte hf
Dressmann á Íslandi ehf
EC-Consulting ehf
Elfa Guðmundsdóttur, tannlæknir, s:564 6250
Fagtækni ehf
Feris ehf
Furðufuglar ehf
Greiðabílar hf
Hafið-fiskverslun ehf
Hagblikk ehf
Hákon Bjarnason ehf
Hefilverk ehf
Hellur og garðar ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjartavernd
Hjörtur Eiríksson sf
Hvellur - G. Tómasson ehf
Hörðuból ehf
Idex ehf
Ingi hópferðir ehf
Ingimundur Einarsson ehf málari
Init ehf
Inmarsat Solutions ehf
Ísmál málningarþjónusta ehf
J.G.K. TECh ehf
Járnsmiðja Óðins
JS-hús ehf
Klippistofa Jörgens ehf
Klukkan, úr og skartgripir
Kópavogsbær
Kraftvélar ehf
Körfuberg ehf
Laser-tag Ísland
Libra ehf
Ljósvakinn ehf
Loft og raftæki ehf
Lyfjaval ehf
Löggiltir endurskoðendur
Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar og fasteignasala Kópavogs

Lýsing

Eirberg

Met í Reykjavíkurmaraþoni

Metþáttaka var fyrir Neistann í Reykjavíkurmaraþoninu í ár. Alls hlupu 88 manns og safnaðis metfé, eða um 1.2 milljónir sem renna munu í Styrktarsjóð Neistans.

Og hlauparar okkar voru ekki einir í harkinu því Neistafólk og vinir söfnuðust saman yfir kakói og kleinum við hlaupabrautina hjá JL-húsinu og hvöttu sína menn. Skemmtu sér allir konunglega, hlauparar og hvetjarar. Ekki spurning að þetta verður enn magnaðra á næsta ár!

PRENTSMIÐJAN VIÐEY
Sími 577 4646 - videy@videy.is

FASTUS

LANDSNET

Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Kópavogur
Mannrækt
og menntun ehf
Marvís ehf
MHG verslun ehf
Nýþrif,
ræstingaverktaki ehf
Pottagaldrar
-mannrækt í
matargerð
Promens ehf
Rafbraut
Rafbreidd ehf,
heimilistækjaviðgerðir
Rafholt ehf
Raflausnir
rafverktakar ehf
Rafmiðlun hf
Raftækjasalan ehf
Rafvirkni ehf
Riddarinn Ölstofa ehf
RS snyrtivörur,
L'occitane
Ræstinga-
þjónustan sf.
S. Helgason ehf
Sólarfilma ehf
Tambi ehf
Tannlæknastofa Tinnu
Kristínar Snæland
Tinna ehf heildsala
Tækniþjónusta
Ragnars G
Gunnarssonar ehf
Vatnsvirkjar ehf,
almenn pípulögn og
þjónusta
Verkfræðistofan
Grundun ehf
Verkfræðiþjónusta
Ásverk ehf
Vetrarsól ehf, verslun
Vélaleiga
Auberts
Högnasonar ehf
Viðskiptaþjónusta
ÁGG ehf
Öreind sf

Garðabær
Álheimar ehf
Bílasprautun
Íslands ehf
Fitjaborg ehf
Garðabær
Geislatækni ehf
-Laser-þjónustan
Hagráð ehf
Hurðaborg ehf
J.J.R. trésmiðir sf
Ljósmyndastofa
Garðabæjar ehf
Marás ehf
Okkar bakarí ehf
Pípulagna-
verktakar ehf
Samhentir
Sálfræðiþjónusta
RHA sf
Stálsmiðjan
-Framtak ehf
Versus
bílaréttingar og málun
Vörukaup ehf,
heildverslun
Öryggisgirðingar ehf

Hafnarfjörður
AGES ehf
Alexander Ólafsson
ehf
Altis ehf
Apótek Hafnarfjarðar
Blikksmíði ehf,
s: 5654111-
blikksmidi@simnet.is
Bæjarbakarí ehf
Donna ehf
Efnalaugin Glæsir
Eiríkur og
Einar Valur ehf
Essei ehf
Fjarðarmót ehf
Fjörukráin-Hótel
Víking
Fura
málmendur-
vinnslan ehf
G. Ingason hf
G.S. múrverk ehf
GF Barnalækningar slf
H. Jacobsen
Hafnarfjarðarbær
Hagtak hf
Hársnyrtistofan
Fagfólk ehf
H-Berg ehf
Heimir og Jens ehf
Héðinn Schindler
lyftur hf
Hlaðbær-Colas hf,
malbikunarstöð
Hraunhamar ehf
Hvalur hf
Hyggir ehf,
endurskoðunarstofa
I.T. lagnir ehf.
Ican - Beykireykt
þorsklifur ehf
Ísold ehf
Ísrör ehf
Japanskar vélar ehf
Kjartan Guðjónsson,
tannlæknir
Lína Lokkafína,
hárgreiðslustofa
Markus Lifenet ehf
Nes hf., skipafélag
Partar ehf,
bílapartasala
Plastver ehf
Rafgeymasalan ehf
Raftog ehf,
rafmagnsverkstæði
Sjúkraþjálfarinn ehf
Snittvélin ehf
Snyrtistofan
Þema snyrti- og
fótaðgerðastofa
Sólark-Arkitektar-
sola@solark.is
Stoðtækni ehf
Stýrivélaþjónustan ehf
Svalþúfa ehf
Sæli ehf
Trésmiðjan okkar ehf
Umbúðamiðlun ehf
Verkvík-Sandtak ehf
Verkþing ehf
Vélsmiðja
Konráðs Jónssonar sf
Víðir og Alda ehf
Víking
björgunarbúnaður
VSB
verkfræðistofa ehf
www.snati.is
Þvottahúsið
Faghreinsun

Álftanes
Eldvarnarþjónustan ehf

Reykjanesbær
B & B Guesthouse
Bed and Breakfast -
Keflavíkurflugvöllur
Bergnet ehf
Bústoð ehf
DMM Lausnir ehf
Fagtré ehf
Fjölbrautaskóli
Suðurnesja
Hótel Keflavík ehf
Húsagerðin ehf,
trésmiðja
IGS ehf
Keflavíkurflugvelli
Ísfoss ehf
K Sport
Klettasteinn ehf
Kostur
matvöruverslun
Langbest ehf
M2 Fasteignasala og
leigumiðlun
Nesraf ehf
Oxa ehf
Plastgerð
Suðurnesja ehf
Rafeindir og Tæki ehf
Ráin, veitingasala
Reiknistofa
fiskmarkaða hf
Reykjanesbær
Sigurjónsbakarí
Skartsmiðjan
Snyrtistofan Dana ehf
Soho veisluþjónusta
Sporthúsið
Reykjanesbæ
Suðurflug ehf
Toyota Reykjanesbæ
Útfaraþjónusta
Suðurnesja
Verkalýðs- og
sjómannafélag
Keflavíkur og
nágrennis
Verkfræðistofa
Suðurnesja hf
Verslunarmannafélag
Suðurnesja

Grindavík
Bakaríið
Hérastubbur ehf
Bókvit ehf
Einhamar Seafood ehf
EVH verktakar ehf
Grindverk ehf
Marver ehf
Northern Light Inn
Ó S fiskverkun ehf
Sílfell ehf
Stjörnufiskur ehf
TG raf ehf
Veitingastofan Vör ehf
Vísir hf
VOOT Beita
Þorbjörn hf

Garður
Amp rafverktaki ehf
SI raflagnir ehf
Völundarhús ehf

Mosfellsbær
Alefli ehf
byggingaverktakar
A-Marine ehf
Byggingarverktaki
Ari Oddsson ehf
Dalsbú ehf
Fagverk verktakar sf
Glertækni ehf
Guðmundur S
Borgarsson ehf
Hús-inn ehf
LEE rafverktakar ehf
Nonni litli ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf

Akranes
B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Bifreiðastöð
Þórðar Þ.
Þórðarsonar
Bílar og dekk ehf
Bílaverkstæði
Hjalta ehf
Bílver,
bílaverkstæði ehf
Bjarmar ehf, vélaleiga
Brautin ehf
Hópferðabílar
Reynis
Jóhannssonar ehf
Markstofa ehf
MVM ehf
Practica,
bókhaldsþjónusta
Rafnes sf

SAFFRAN

FOSSHOTEL

Ása tekur á móti hjartabörnum í Lundi

Ása Ásgeirsdóttir er 34 ára gömul og útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2008. Hún starfaði eftir það á slysa- og bráðadeildinni í Fossvogi uns hún fluttist ásamt eiginmanni og þremur börnum til Lundar í Svíþjóð – þar sem hún vinnur núna við hjartaskurðdeildina á Háskólasjúkrahúsinu og er meðal annars tengiaðili fyrir Íslendinga sem koma þangað í aðgerðir.

Hvernig kom til að þú fórst að vinna á sjúkrahúsinu í Lundi?

„Ég flutti til Lundar með fjölskyldunni minni árið 2011 þar sem maðurinn minn var að fara í sérnám í svæfingalækningum. Fljótlega eftir flutningana út byrjaði ég að vinna á sjúkrahúsinu á hjartaskurðdeild fyrir fullorðna. Í ágúst 2013 byrjaði ég svo jafnframt að vinna sem tengiaðili fyrir sjúklinga sem eru sendir frá Íslandi í aðgerðir á spítalanum í Lundi og nágrenni. Áður en ég tók við hafði Níní Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur sinnt þessu starfi frá árinu 2011.“

Í hverju starf þitt er helst fólgið?

„Mitt starf er helst fólgið í því að liðsinna sjúklingunum sem eru sendir frá Íslandi í aðgerðir á sjúkrahúsinu í Lundi. Flestir sjúklingarnir eru börn sem eru að koma til aðgerðar vegna meðfædds hjartagalla. Ég set mig í samband við sjúklinginn (eða foreldrana) áður en þau koma út og læt vita að ég sé til staðar. Ég reyni að fá innsýn í aðstæður hverrar fjölskyldu fyrir sig og ef eitthvað er sem þarf að undirbúa fyrir komu þeirra hingað. Flestum finnst mjög gott að fá að heyra aðeins frá mér fyrir komuna og fá þá tækifæri til að spyrja spurninga og fá upplýsingar um ýmis praktísk atriði. Í flestum tilfellum hitti ég fjölskylduna samdægurs þegar hún kemur til Lundar og aðstoða hana við að koma sér fyrir. Meðan á dvölinni stendur er ég svo fjölskyldunum innan handar og alltaf er hægt að ná í mig símleiðis. Svo er það mjög ólíkt hvað hver og ein fjölskylda þarf mikla aðstoð.“

Hefur þú sinnt mörgum Íslendingum?

„Ég hef sinnt rúmlega 20 fjölskyldum síðan að ég tók við starfinu og sumar þeirra hafa komið oftar en einu sinni.”

Hvernig finnst þér að vinna við svona viðkvæm mál iðulega með ungum foreldrum, oft með sitt fyrsta barn og miklar tilfinngar í spilinu?

„Mér finnst þetta starf mitt vera mjög gefandi og hef mikla ánægju af því. Ég fæ tækifæri til að kynnast fólki með alls konar bakgrunn. En þetta getur líka verið erfitt og krefjandi enda eru aðstæður og gangur mála mismunandi hjá fjölskyldunum.“

Hvernig finnst þér foreldrarnir og aðstandendur þeirra koma undirbúnir fyrir aðgerðina?

„Almennt finnst mér fjölskyldurnar vera vel undirbúnar. I flestum tilfellum eru þær að koma hingað út með nokkurra daga gömul kríli sem hafa verið inniliggjandi á vökudeild frá fæðingu. Mér finnst frábært að sjá hvað margir eru vel upplýstir og vel undirbúnir fyrir komuna hingað. Ég tel þau síðan fá bestu hugsanlegu þjónustu hérna. Þetta er hátæknisjúkrahús með starfsfólk og þjónustu í heimsklassa. Aðstæður eru til fyrirmyndar, bæði inni á spítalanum og í Ronald McDonald-húsinu þar sem fjölskyldur hafa gistiaðstöðu meðan á dvöl stendur. Mín upplifun er sú að fjölskyldurnar séu mjög ánægðar með þá þjónustu sem þær fá. Hér eru allir tilbúnir til að koma til móts við sjúklingana og fjölskyldur þeirra og reyna að láta þeim líða eins og best verður á kosið.“

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Akranes
Ritari ehf
Runólfur
Hallfreðsson ehf
Skagaverk ehf
Smurstöð Akraness sf
Viðar Einarsson
ökukennsla ehf
Ylur
pípulagnaþjónusta sf

Borgarnes
B. Björnsson ehf
Bifreiðaþjónusta
Harðar ehf
Brákarsund ehf,
bifreiðaverkstæði
Búvangur ehf
Ferðaþjónustan
Húsafelli ehf
Félagsbúið
Miðhrauni 2 sf
Icelandair Hótel
Hamar
J.K. Lagnir ehf
Nes ferðaþjónusta,
www.nesreykholt.is
Samtök sveitarfélaga í
Vesturlandskjördæmi
Sigur-garðar sf
Tannlæknastofa
Hilmis ehf
Trésmiðja Pálma
Vélaverkstæði
Kristjáns ehf

Reykholt
Borgarfirði
Garðyrkjustöðin
Sólhvörf

Stykkishólmur
Ásklif ehf
Verkstjórafélag
Snæfellsness
Þórsnes ehf

Grundarfjörður
Hjálmar ehf
Hótel Framnes
RúBen ehf
Suða ehf
Þjónustustofan ehf

Ólafsvík
Fiskverkunin Valafell
Ingibjörg ehf
Litlalón ehf

Hellissandur
Breiðavík ehf
Esjar ehf
Hjallasandur ehf
KG Fiskverkun ehf
Kristinn
J. Friðþjófsson ehf
Útnes ehf
Vélsmiðja
Árna Jóns ehf

Búðardalur
Dalakot gistiheimili og
pizzastaður
Rafsel Búðardal ehf

Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan
hf - Reykhólum

Ísafjörður
Bílasmiðja S.G.B. ehf
Bílaverið ehf-
Hjólbarðaverkstæði
Ísafjarðar
Ferðaþjónustan í
Heydal
Fræðslumiðstöð
Vestfjarða
GE vinnuvélar ehf
GG
málningarþjónusta ehf
Hafnarbúðin
Hamraborg ehf
Ísblikk ehf
Konur og Menn,
Neista
Orkubú Vestfjarða ohf
Sjúkraþjálfun
Vestfjarða
Smali ehf
Tækniþjónusta
Vestfjarða ehf
Vestfirskir
verktakar ehf

Bolungarvík
Bolungarvíkur-
kaupstaður
Jakob Valgeir ehf
Sérleyfisferðir
Bolungarvík -
Ísafjörður - flugrúta
Sigurgeir
G. Jóhannsson ehf

Flateyri
Sytra ehf

Patreksfjörður
Albína verslun
Eyfaraf ehf

Tálknafjörður
Bókhaldsstofan
Tálknafirði
Garraútgerðin ehf
Gistiheimilið
Bjarmalandi ehf
T.V. Verk ehf
Þórsberg hf

Bíldudalur
Mardöll ehf

Þingeyri
Brautin sf
Tengill, rafverktaki

Hólmavík
Héraðssamband
Strandamanna,HSS
Hótel Finna Hótel
Kaupfélag
Steingrímsfjarðar

Árneshreppur
Hótel Djúpavík ehf

Hvammstangi
Bílagerði
Brauð-
og kökugerðin ehf
Geitafell - Seafood
Restaurant
Húnaþing vestra

Blönduós
Átak ehf
Húnavatnshreppur
Kvenfélag
Svínavatnshrepps
Léttitækni ehf
Samstaða, skrifstofa
verkalýðsfélaga
Vilko ehf

Skagaströnd
Rafmagnsverkstæðið
Neistinn ehf
Sjávarlíftæknisetrið
BioPol ehf
Trésmiðja
Helga
Gunnarssonar ehf
Vélaverkstæði
Skagastrandar

Sauðárkrókur
Bókhaldsþjónusta
KOM ehf
Fjólmundur ehf
Iðnsveinafélag
Skagafjarðar
Kaupfélag
Skagfirðinga
K-Tak ehf
Listkúnst ehf
Skagafjarðarveitur
Tannlæknastofa
Ingimundar
Guðjónssonar ehf
Verslunarmannafélag
Skagafjarðar
Vörumiðlun ehf

Varmahlíð
Akrahreppur
Skagafirði
Ferðaþjónustan
Lauftúni

Siglufjörður
Dúfan SI 130
Gistihúsið Hvanneyri

Akureyri
Akureyrarhöfn
Akureyrarkirkja
B. Hreiðarsson ehf
Bakaríið við brúna ehf
Baugsbót ehf,
bifreiðaverkstæði
Bifreiðaverkstæði
Bjarna Sigurjónssonar
Bifreiðaverkstæði
Bjarnhéðins ehf
Bílvirkni ehf
Blikkrás ehf
Brúin ehf
Bútur ehf
Dragi ehf
Efling sjúkraþjálfun ehf
Ferðaskrifstofa
Akureyrar ehf
Félagsbúið
Hallgilsstöðum
Finnur ehf
Fjölumboð ehf
Garðaverk ehf
Garðyrkjustöðin
Brúnalaug
Geimstofan ehf,
auglýsingastofa
og skiltagerð
Gísl Einar Árnason,
tannréttingar
Goya Tapas bar
Halldór Ólafsson,
úr og skartgripir
HG verktaki ehf
Hnýfill ehf
HSH verktakar ehf
Húsprýði sf
Höldur ehf, bílaleiga
Ísgát ehf
K F J Kranabílar ehf
K.B. bólstrun
Keahótel ehf
Kraftbílar ehf
Litblær ehf
Lostæti ehf
Lögmannshlíð
lögfræðiþjónusta ehf
Lögmannsstofa
Akureyrar ehf
Miðstöð ehf
Myndlistaskólinn á
Akureyri ehf
Orlofsbyggðin
Illugastöðum
Raftákn ehf
- Verkfræðistofa
Samherji ehf
Seigla ehf
Sigurgeir Svavarsson
ehf, byggingaverktaki
Sjómannablaðið
Víkingur
Sólskógar ehf
Straumrás hf
Tannlæknastofa
Björns
Rögnvaldssonar ehf
Tölvís sf
urtasmidjan.is,
s: 462 4769
Þrif og ræstivörur ehf
Ösp sf, trésmiðja

SALTKAUP EHF

init

Landsvirkjun

Glens og gaman í Guðmundarlundi

Sumarhátíð Neistans 2014 var að þessu sinni haldin í Guðmundarlundi sunnudaginn 17. ágúst. Við fengum yndislegt veður og frábæra mætingu. Tveir hoppukastalar voru á svæðinu og í fullri notkun allan tímann. Búið var að auglýsa að von yrði á leynigesti og sá gestur reyndist vera Lína langsokkur. Hún skemmti okkur með söng og glensi og flykktust gestir að til að fá af sér mynd með stelpunni sterku. Grilluðu pylsurnar, drykkirnir og ísinn runnu vel niður og allir fóru glaðir heim. Ekki var hægt að sjá annað en bros á vörum allra sem mættu á sumarhátíðina í ár.

Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Grenivík
Darri ehf
Grýtubakkahreppur

Grímsey
Básavík ehf
Búðin í Grímsey
Krían Grímsey
Sigurbjörn ehf, fiskverkun
Sæbjörg ehf

Dalvík
BHS, bíla- og vélaverkstæði
Ektafiskur ehf
G.Ben útgerðarfélag ehf
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf
Kussungur ehf
Sparisjóður Norðurlands
Tréverk ehf, Dalvík
Vélvirki ehf, verkstæði

Húsavík
Bílaþjónustan ehf
Hóll ehf, vinnuvélar og verktakar
Kvenfélag Reykdæla
Steinsteypir ehf
Trésmiðjan Rein ehf
Vermir sf
Víkurraf ehf

Laugar
Norðurpóll ehf, trésmiðja

Mývatn
Kvenfélag Mývatnssveitar
Sel Hótel, Mývatn
Vogar, ferðaþjónusta

Kópasker
Eyjafjarðar- og Þingeyjar-prófastsdæmi
Magnvík ehf
Vökvaþjónusta Kópaskers ehf

Þórshöfn
Ferðaþjónusta bænda
Geir ehf
Haki ehf
Svalbarðshreppur

Vopnafjörður
Bílar og vélar ehf
Ferðaþjónustan Syðri-Vík
Vopnafjarðarhreppur

Egilsstaðir
Austfjarðaflutningar ehf
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Bólholt ehf
Fótatak, fótaaðgerðastofa
Gistihúsið Egilsstöðum
Klassík ehf
Klausturkaffi ehf
Kúpp ehf
Miðás ehf
Myndsmiðjan ehf
Rafey ehf
Tindaberg sf
Tréiðjan Einir ehf
Þ.S. verktakar ehf
Ökuskóli Austurlands sf

Seyðisfjörður
Gullberg hf, útgerð
Jón Hilmar Jónsson - Rafverktaki
Seyðisfjarðar-kaupstaður

Reyðarfjörður
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Krana- og gröfuleiga Borgþórs ehf
Launafl ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

Eskifjörður
Egersund Ísland ehf
Fjarðaþrif ehf

Neskaupstaður
Fjarðahótel
Síldarvinnslan hf

Stöðvarfjörður
Ástrós ehf

Breiðdalsvík
Vinamót ehf, verslun

Höfn í Hornafirði
Ferðaþjónustan Brunnavöllum
Funi ehf, sorphreinsun
JA vet ehf
Króm og hvítt ehf
Sigurður Ólafsson ehf
Skinney-Þinganes hf
Sveitafélagið Hornafjörður
Þrastarhóll ehf

Selfoss
Alvörubúðin
Árvirkinn ehf
Bakkaverk ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílaleiga Selfoss
JÞ bílar ehf
Bíltak ehf
Bókaútgáfan Björk
Búhnykkur sf
Byggingafélagið Laski ehf
Eðalbyggingar ehf
Fasteignasalan Árborgir ehf
Ferðaþjónustan Gullfoss
Flóahreppur
Fossvélar ehf
Fóðurstöð Suðurlands
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Garðyrkjustöðin Heiðmörk, Laugarási
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gólflist ehf
Græni Hlekkurinn ehf
Guðmundur Tyrfingsson ehf
Guðnabakarí ehf
Gufuhlíð ehf
Heiðmerkur grænmeti
Hótel Selfoss ehf
Jeppasmiðjan ehf
Jóhann Helgi og Co ehf
Kríutangi
Kvenfélag Gnúpverja
Kvenfélag Grímsneshrepps
Písl ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Stíflufjónusta Suðurlands
Súperbygg ehf
Sveitarfélagið Árborg
Tæki og tól ehf
Vélaþjónusta Ingvars
X5 ehf

Hveragerði
Garðplöntusalan Borg
Hamrar ehf, plastiðnaður
kiano.is
Litla kaffistofan
Raftaug ehf

Þorlákshöfn
Fagus hf
Hreingerningar-þjónusta Suðurlands ehf
Ísfélag Þorlákshafnar hf
Meitillinn veitingahús
Þorlákskirkja

Ölfus
Básinn, Ingólfsskáli
Gróðrarstöðin Kjarr
Stokkar og steinar sf

Stokkseyri
Hásteinn ehf

Laugarvatn
Ásvélar ehf

Flúðir
Flúðasveppir ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Íslenskt grænmeti
Kvenfélag Hrunamannahrepps

Hella
Ásahreppur
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf
Fannberg ehf
Hestvit ehf
Íslenskar hestaferðir ehf
Varahlutaverslun Björns Jóhannsson

Hvolsvöllur
Gestastofan Þorvaldseyri
Kvenfélagið Hallgerður
Nínukot ehf
-Vinna um víða veröld

Vík
B.V.T. ehf
Hótel Katla
Hrafnatindur ehf
Mýrdælingur ehf

Kirkjubæjarklaustur
Bifreiðaverkstæðið Kirkjubæjarklaustri
Systrakaffi ehf

Vestmannaeyjar
Bergur-Huginn ehf
Bragginn sf, bílaverkstæði
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Langa ehf
Nethamar ehf
Ós ehf
Skýlið
Vinnslustöðin hf
Vöruval ehf

BLUE LAGOON ICELAND

Akraborg

ICELANDAIR CARGO

NÝTT

NÓA

Lakkrís

Rétta bragðið

ARNASYNIR